

From: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
To: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
Subject: Umsögn við frumvarpsdrög til laga um lagareldi: VII. kafli. Laxahlutur
Date: Wednesday, March 4, 2026 8:35:53 AM
Attachments: [Laxahlutur \(VII. kafli\).pdf](#)

Ágætu félagar,

Gerðar hafa verið tilteknaðar jákvæðar breytingar á frumvarpsdrögum til laga um lagareldi frá útgáfu frumvarpsins árið 2024. Þrátt fyrir það eru áfram til staðar grundvallarmeinbugir í VII. kafla frumvarpsins – um laxahlut – sem geta haft víðtækar lagalegar, fjárhagslegar og samfélagslegar afleiðingar.

Í meðfylgjandi umsögn eru þessir annmarkar raktir ítarlega.

Meginniðurstöður

Laxahlutakerfið kann að auka tiltekinn rekstrarlegan sveigjanleika. Hins vegar felur það jafnframt í sér verulega og varanlega verðmætaaukningu réttinda núverandi leyfishafa – án þess að ríkissjóður fái eðlilegt endurgjald fyrir.

Kerfið færi nýtingu sameiginlegrar auðlindar nær eignarréttarlegu fyrirkomulagi og eykur þannig verulega:

- Líkur á að réttindin njóti verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár,
- hættu á bótaskyldu ríkisins við framtíðarbreytingar á kerfinu,
- samþjöppun og markaðsvæðingu heimilda,
- og áframhaldandi vannýtingu fjarða.

Uppruni hugmyndarinnar um laxahluti

Í stefnumótun Matvælaráðuneytið árið 2023 er hvergi fjallað um sérstakt laxahlutakerfi. Það sem kemst næst er almenn tilvísun til skýrslu Boston Consulting Group um norska kerfið og möguleika á tilfærslu lífmassa.

Þremur mánuðum síðar birtist hins vegar frumvarp með heilan kafla um laxahluti.

Því er eðlilegt að spurt sé:

- Ef hugmyndin er sprottin úr stjórnsýslunni sjálfri – hvernig samrýmist hún almannahagsmunum þegar hún felur í sér verulega verðmætaaukningu einkaaðila?
- Ef hugmyndin er sprottin frá fulltrúum erlendra fjárfesta – hvernig stendur á því að slík tillaga hefur ratað inn í frumvarp sem nú er lagt fram í þriðja sinn?

Slíkar spurningar varða traust, gagnsæi og ábyrgð við mótun laga um nýtingu sameiginlegrar auðlindar.

Meginbreytingartillögur

Lagt er til að meginhluti VII. kafla verði felldur niður í heild sinni. Í stað þess standi aðeins tvö

skýr og einföld ákvæði:

1. Heimild til tilfærslu laxamagns

Rekstrarleyfishafa sé heimilt, að fengnu samþykki Matvælastofnunar og að uppfylltum skilyrðum laga þessara, að flytja laxamagn milli smitvarnarsvæða, enda raski það ekki heildarburðarþoli viðkomandi svæða.

2. Burðarþolsgjald

Greiða skal árlegt burðarþolsgjald sem tekur mið af burðarþoli smitvarnarsvæðis.

Gjaldið skal vera:

- óháð raunverulegri nýtingu,
- óháð framleiðslumagni,
- óháð tímabundinni stöðvun rekstrar.

Áhrif þessarar leiðar

Með þessari einföldu og skýru útfærslu væri:

- aukinn einfaldleiki í lagaumhverfi,
- dregið úr bótaskylduáhættu,
- tryggð stöðug og fyrirsjáanleg tekjuöflun ríkisins,
- dregið úr hvata til hömstrunar og leiguviðskipta með heimildir,
- komið í veg fyrir að kerfið þróist í átt að varanlegri réttindavæðingu sameiginlegrar auðlindar.

Um

Undirritaður er sjávarútvegsfræðingur og hefur starfað við fiskeldi í rúm 30 ár. Hann hefur komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld, meðal annars við undirbúning laga og reglugerða á sviðinu.

Spilling við undirbúning og setningu laga um fiskeldi á árunum 2017–2019 hefur verið gagnrýnd opinberlega. Í byrjun árs 2022 hóf undirritaður formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu og verður reglulega upplýst um framgang þess.

Yfirlit um málið er að finna á lagareldi.is

Best er að finna allar skýrslur og greinar er tengjast málinu á sjavarutvegur.is

Með kveðju/ Regards

Valdimar Ingi Gunnarsson

Samfélagsverkefni gegn spillingu

Sjávarútvegsþjónustan ehf.

Helgubraut 17

200 Kópavogur

GSM 6952269

Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is

Vefsíða: www.lagareldi.is